

Daily News

14th Icelandic Fisheries Seafood & Aqua Exhibition 2024
FROM SEA TO PLATE - THE 100% FISH EVENT



Icefish opening times: Wednesday 0800-1800 | Thursday 0800-1800 | Friday 0800-1700

Wednesday 18 September 2024

5th Fish Waste FOR PROFIT 2024
The 100% Fish Conference

Running alongside the Icefish exhibition is the **5th Fish Waste for Profit** conference in the Hilton Nordica **19-20 September**. In co-operation with the Ocean cluster, this conference pioneers the 100% fish movement by utilising potentially discarded parts of the catch. Chaired by Thor Sigfusson and moderated Alexandra Leeper, with support by Matis, you will be able to learn from leading Icelandic and international presenters.

Sessions across the two days include:

- Futureproofing and advanced technology for full utilisation
- New Ideas and Processes for 100% Fish Products
- Going from great research to a product on the market
- Impactful partnerships for full utilisation

There's still plenty of time to book your delegate space for the conference, visit icefishconference.is for more information.

This year, the official Icefish app provides you the opportunity to plan your agenda for all three exhibition days! Search 'Icefish 2024' on your App Store, to access the app simply log in with the email you used to register your attendance for the event. Arrange meetings via the app, browse the list of visitors and exhibitors at the event, view the floorplan and stay connected with our social media wall!



Download the Icefish app!

9th Icelandic Fisheries Awards 2024
Salurinn Kópavogur Iceland



As Icefish celebrates 40 years, we are recognising our loyal returning exhibitors - including 16 who exhibited at the very first show in 1984:

- Atlas
- Baader
- Borgarplast
- Fridrik A. Johnsson ehf.
- Marel
- Danish Export Association
- Eimskip
- Fiskifrettir
- Hampidjan
- Olis
- Hedinn
- Saeplast
- Kaeling
- Slippurinn
- DNG
- Scanmar

This year, Icefish is proud to have an impressive 57 brand new exhibiting companies from 14 countries and several visiting delegations from abroad.

Official opening ceremony and tour of Icefish 2024

The official opening by the Icelandic Minister of Fisheries and Mayor of Kópavogur will take place today at 14:00 at the Smarinn School Auditorium.



WELCOME TO ICEFISH 2024!

It is with great joy Mercator Media Limited and I welcome all you exhibitors and visitors to the 14th Icelandic Fisheries, Seafood and Aqua Exhibition, 2024 also known as Icefish. This edition is particularly special as Icefish will be celebrating its 40 years.

Having just come out of Covid at our last show in 2022, the world continues to change, and at times throw us challenges and unrest. Iceland has been no exception. Continuous volcanic eruptions around Grindavik, has forced a whole community to relocate to different parts of Iceland. It is therefore with immense admiration I welcome the Grindavik Community stand here at Icefish, providing everyone a space to re-unite and share their stories and journeys over the 3 show days.

I wish you a successful exhibition and look forward to meeting you all over the next 3 days.

Best wishes from all of the 2024 Icefish team.

Yours sincerely

Marianne Rasmussen-Coulling
Events Director
Mercator Media Ltd



Find out what's on today!

Daglegar fréttir



Opnunartímar IceFish 2024:

Miðvikudagur 10:00-18:00 | Fimmtudagur 10:00-18:00 | Föstudagur 10:00-17:00

Miðvikudagur 18. september 2024



Samhliða IceFish-sýningunni verður ráðstefnan **Fish Waste for Profit** haldin í fimmta skipti, að þessu sinni á **Hótel Hilton Nordica** dagana **19.-20. september**.

Ráðstefnan er haldin í samstarfi við Íslenska sjávarklasann með stuðningi frá Matis, og er Þór Sigfússon formaður ráðstefnunnar en fundarstjóri er Alexandra Leeper. Ráðstefnan hefur frá upphafi verið helguð 100% nýtingu sjávarfangs og má teljast brautryðjandi á því sviði. Á ráðstefnunni geta gestir fræðst hjá innlendum og erlendum fyrirlesurum í fremstu röð hvernig nýta má þann hluta aflans sem annars væri fargað og hámarka arðsemi hans.

Á dagskrá ráðstefnunnar, sem stendur í tvo daga, má m.a. nefna:

- Háþróuð tækni fyrir fulla nýtingu og stefna á framtíðarhelda vöru
- Nýjar hugmyndir og ferlar fyrir 100% fiskafurðir.
- Frá frábærri rannsókn til markaðssettrar vöru.
- Vel heppnað samstarf fyrir fulla nýtingu.

Enn gefst tækifæri til að bóka pláss á ráðstefnuna: Heimsóttu: icefishconference.is til að fá frekari upplýsingar

Hið nýja og meðfærilega app IceFish 2024 gerir þér kleift að skipuleggja dagskrána alla þrjá sýningardagana! Leitaðu að 'Icefish 2024' í App Store. Til að fá aðgang að appinu skráirðu þig einfaldlega með tölvupóstfanginu sem þú notaðir við skráningu á sýninguna. Skipuleggðu fundi í gegnum appið, skoðaðu lista yfir gesti og sýnendur, sjáðu gólfplanið og vertu í sambandi við aðra gesti og sýnendur á samfélagsmiðlaveggnum okkar!



Íslensku sjávarútvegsverðlaunin eru veitt við hátíðlega athöfn í lok fyrsta sýningardags. Mættu á athöfnina í kvöld kl. 18:00, strax eftir IceFish, þar sem framúrskarandi árangur á sviði atvinnuveiða, vinnslu sjávarfangs, framleiðslu virðisaukandi vöru og aukaafurða verður heiðraður með verðskulduðum hætti.

Verðlaunaafhendingin fer fram í Salnum, Kópavogi, þar sem við munum fagna með verðlaunahöfum og fulltrúum þeirra úrvals fyrirtækja sem tilheyra þessum líflegu og kröftugu atvinnugreinum.



Í tilefni 40 ára afmælis IceFish heiðrum við sérstaklega þá hjartkæru sýnendur sem fylgt hafa okkur lengst - þar á meðal þá sextán sýnendur sem voru með okkur á fyrstu sýningunni árið 1984:

- Atlas
- Baader
- Borgarplast
- Fridrik A. Johnsson ehf.
- Marel
- Danish Export Association
- Eimskip
- Fiskifréttir
- Hampiöjan
- Olis
- Héðinn
- Sæplast
- Kæling
- Slippurinn
- DNG
- Scanmar

Við bjóðum líka með ánægju og stolti velkomin 57 fyrirtæki frá 14 löndum sem sýna í fyrsta skipti á IceFish, og einnig fjölda alþjóðlegra sendinefnda.

Opunarathöfn og skoðunarferð um Icefish 2024

Matvælaráðherra og bæjarstjórinn í Kópavogi opna IceFish 2024 formlega kl. 14:00 í hátíðarsal Smáraskóla.



VELKOMIN Á ICEFISH 2024!

Íkæru sýnendur og gestir Mercator Media og mér sjálfri er það sönn ánægja að bjóða alla sýnendur og gesti hjartanlega velkomna á fjórtundu Íslensku sjávarútvegs- sjávarrættá og fiskeldissýninguna 2024, einnig þekkt sem IceFish. Sýningin í ár er sérstaklega merkileg því að IceFish fagnar nú 40 ára afmæli sínu. Þegar við höldum seinustu sýningu, árið 2022, var heimsbyggðin rétt nýbúin að jafna sig af kóvíd-tímabilinu. Heimurinn heldur auðvitað stöðugt áfram að breytast og færir okkur nýjar áskoranir og ólgu til að kljást við og Ísland hefur ekki farið varhluta af slíkum hræringum. Stöðug eldsumbrot í kringum Grindavík hafa neytt heilt samfélag til að flytjast um set til mismunandi staða á Íslandi. Það er því með gríðarlegri gleði og aðdáun sem ég fagna sýningarbás helguðum Grindavík hér á IceFish, sem gefur öllum rými til að sameinast á ný og deila sögum sínum og reynslu dagana þrjá sem sýningin stendur. Ég óska ykkur góðrar og vel heppnaðrar sýningar og hlakka til að hitta ykkur öll næstu 3 daga.

Bestu óskir frá öllum í IceFish teyminu 2024.

Virðingarfyllt, Marianne Rasmussen-Coulling

framkvæmdastjóri IceFish/viðburðarstjóri Mercator Media Ltd



Sæktu IceFish appið!



Finndu út hvað er á dagskrá í dag!